

## Úttektaáætlun 2016

Árið 2016 hefst innleiðing á innri úttektarkerfinu og Landsbundin úttektaráætlun til margra ára (LÚMA) gerir ráð fyrir þremur úttektum árið 2016.

### Úttektaþegi

Innra úttektakerfið nær til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna skv. eftirlitslöggjöfni, s.s. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitafélaga, opinberar rannsóknarstofur ofl.

Fyrsta úttektin snýr að **þjálfun og símenntun starfsmanna** á öllum sviðum Matvælastofnunar. Fyrirliggjandi kröfur á grundvelli laga og reglugerða verða greindar sem snerta þjálfun og símenntun starfsmanna stofnunarinnar við opinbert eftirlit. Í úttektinni verður m.a. kannað hvaða skjalfestu gæðaskjöl fjalla um þennan þátt í starfsemi og skoðað hvort farið sé eftir þeim skjalfestu reglum. Úttektinni er ætlað að leiða í ljós hverjar kröfurnar eru um þjálfun og símenntun starfsmanna, hvað stofnunin gerir nú til að uppfylla þessar kröfur og eftir atvikum hvað þarf stofnunin að gera til viðbótar til að mæta kröfunum að fullu.

Önnur úttektin tekur á **Inn- og útflutningsskrifstofu Matvælastofnunar**, þar sem farið verður yfir verklag við skoðun og mat fylgiskjala við innflutning og gerð útflutningsvottorða. Inn- og útflutningsskrifstofa Matvælastofnunar er staðsett í Reykjavík. Hún sinnir öllu eftirliti og leyfisveitingum með inn- og útflutningi á matvælum, dýrum, dýraafurðum, fóðri, áburði, plöntum, sáðvörum og áburði.

Síðasta úttektin tekur á **dýravelferð**, þar sem farið verður yfir **verklag umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar** við eftirlit með aðbúnaði og aflífum sláturdýra. Á landinu eru 6 umdæmi og í hverju umdæmi sinnir hérðaösdýralæknir opinberu eftirliti með heilbrigði og velferð dýra og framleiðslu búfjárafurða á svæðinu.

### Úttektaaðili


Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektarstjóri leggur fram tillögu til úttektaaðila að myndun úttektarhóps að öðru leyti. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.

Úttektaaðili skal greina heildarniðurstöður úttekta og leggja fram fyrir úttektastjórn árlega greiningu á þeim kerfislægu styrkleikum eða veikleikum sem fram koma í úttektum.

Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektaþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt. Endanleg dagskrá úttektar skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir áætlaða úttekt. Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ISO 19011:2011 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í ákvörðun nr. 2006/677/EC.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta

Úttekt	Úttekta- þegar	2016									2017			
		Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar 2017				
Skoðun og mat fylgiskjala við innflutning og gerð útflutningsvott-orða	Matvæla- stofnun							Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	22.-24. nóv. Opnunarfundur og úttekt framkvæmd	25. nóv. Lokafundur	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð
Aðbúnaður og aflifun sláturdýra	Matvæla- stofnun (NV- umdæmi & 2 sláturhús)						Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	3.-5. okt Opnunarfundur og úttekt framkvæmd	6. okt Lokafundur	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð			
Þjálfun og símenntun starfsmanna	Matvæla- stofnun					Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	28.-29. sept. Opnunarfundur og úttekt framkvæmd	30. sept. Lokafundur	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð	Skýrslu- og úrbóta-áætlunargerð			
Þjálfun og símenntun starfsmanna	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga (Reykjavík)							Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	22.-23. nóv. Opnunarfundur og úttekt framkvæmd	24. nóv. Lokafundur	Skýrslu- og úrbótaáætlunargerð	Skýrslu- og úrbótaáætlunargerð
Þjálfun og símenntun starfsmanna	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga (Kjósar- svæði)							Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	Gerð úttektar skipulags og öflun gagna	29.-30. nóv. Opnunarfundur og úttekt framkvæmd	1. des. Lokafundur	Skýrslu- og úrbótaáætlunargerð	Skýrslu- og úrbótaáætlunargerð

Tafla 2. Áætlaðir snertifletir úttekta

	Matvælastofnun							
	Stjórnsýsla og lögfræði	Rekstur og mannauður	Matvæla-öryggi og neytendamál	Heilbrigði og velferð dýra	Inn- og útflutningur	Búnaðarmál	Umdæmis-skrifstofur	Ytri aðilar
Skoðun og mat fylgiskjala við innflutning og gerð útflutningsvottorða								
Aðbúnaður og aflifun sláturdýra								Sláturhús
Þjálfun og símenntun starfsmanna								HES (Tvö svæði)

Tillaga úttektaaðila, dags. 19. júlí 2016

*Garðar Jónsson – gæðastjóri MAST*

Afgreitt úr gæðaráði, dags. 19.07.2016

*Jón Gíslason - sign*

Afgreitt úr úttektanefnd, dags. 12.08.2016